

Skýrsla Grænfánaverkefnis Heiðarskóla 2023-2025



Umhverfisteymi Heiðarskóla

Maí 2025

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Umhverfisnefnd.....	4
Mat á stöðu umhverfismála.....	5
Áætlun um aðgerðir og markmið	5
Eftirlit og endurmat.....	6
Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá.....	6
Hnattrænt jafnrétti 2023-2024.....	6
Náttúruvernd og lífbreytileiki 2024-2025.....	7
Fastir viðburðir	8
Haustferðir.....	8
Dagur íslenskrar náttúru.....	8
Survivor	9
Flokkun	10
Dagur umhverfisins	11
Jól í skókassa	11
Varðeldur	11
Matarvigtun	12
Gróðursetningardagur	14
Önnur verkefni	14
Umhverfissáttmáli.....	17
Lokaorð.....	18
Viðauki 1 Fundargerðir umhverfisnefndar	19
Viðauki 2 Úttekt á skólalóð Heiðarskóla 2. maí 2024.....	28

Inngangur

Í Heiðarskóla hefur verið unnið ötullega að umhverfismálum síðastliðin misseri og sérstaklega síðan skólinn fékk sinn fyrsta Grænfána afhentan árið 2009, eða fyrir 16 árum síðan. Verkefnið og áherslur í umhverfismálum hafa tekið breytingum og misjafnt milli tímabila hvað leggja þarf mesta áherslu á.

Sjálfbærnimenntun er mikilvægur grunnþáttur í aðalnámskránni. Kjarninn í sjálfbærnihugtakinu er að allir jarðarbúar þurfa að tileinka sér lífsstíl sem gerir okkur öllum kleift að lifa á jörðinni án þess að skemma fyrir okkur eða öðrum - komandi kynslóðir þurfa líka að geta lifað góðu lífi hér.

Í Heiðarskóla hefur útinám og hreyfing skipað mikilvægan sess í gegnum árin, enda erum við skóli í sveit með alla möguleika fyrir hendi til að stunda útivist. Lækurinn á skólalóðinni, áin í minna en 200 metra fjarlægð og fjöllin í kringum okkur eru alltaf til staðar. Í útivistinni kviknar skilningur um vistkerfi okkar og hvaða áhrif við getum haft á náttúruna. Í kaupbæti uppgötva nemendur sína eigin líkamlegu getu og sjálfsmyndin styrkist. Lykiláhersla er á að efla áhuga og væntumþykju fyrir nærumhverfi okkar til að geta þróað umhverfismeðvitund og ábyrgðarkennd fyrir náttúru almennt. Í Heiðarskóla nýtum við uppbrotsdaga til að dvelja í náttúrunni við leik og störf eins og t.d. á Degi íslenskrar náttúru, á umhverfisdaginn, Survivor daginn og Gróðursetningadaginn. Þess utan er farið í vor og haustferðir í náttúrunni á öllum stigum.

Í skýrslunni er komið inn á hvernig unnið hefur verið að umhverfismennt í Heiðarskóla undanfarin tvö ár, hvernig umhverfisnefnd starfar og hvernig unnið er að verkefnum á hverju stigi.

Umhverfisnefnd

Í umhverfisnefnd Heiðarskóla er að jafnaði einn fulltrúi úr hverjum árgangi ásamt fjórum kennurum og skólastjóra. Ýmist er kosinn fulltrúi úr hverjum árgangi innan árgangsins og þá eru allir í framboði, stafrófsröð ræður vali eða framboð hjá þeim sem vilja bjóða sig fram og kosið um þá. Við reynum að hvetja alla til að taka þátt allavega einu sinni yfir skólagönguna. Í fjölmönnum árgöngum leyfum við fleiri en einn fulltrúa á hverju ári til að allir fái tækifæri til að taka þátt sem vilja. Fundað er u.þ.b. einu sinni í mánuði. Umhverfisteymi kennara hittist einu sinni í mánuði og tryggir að ákvarðanir umhverfisnefndar séu sett í farveg.

Í umhverfisnefnd 2024-2025 sátu:

Nemendur: Aron Dagur, Aurora Rós, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Haukur, Þórdís Ásta, Ari, Jasmín, Eyrún Jóna og Óli Frímann.

Kennarar: Eyrún Sif, Sóley Bára, Helena og Þórdís

Skólastjórnendur: Sigríður Lára

Helstu ákvarðanir skólaáranna 2023-2025 voru:

- Náttúruvernd og lífbreytileiki með áherslu á hafið
- Hnattraent jafnrétti
- Matarvigtn
- Flokkun, endurvinnsla, endurnýting
- Dagur íslenskrar náttúru
- Menningarmót
- Dagur umhverfisins
- Hreinsunardagur
- Varðeldur
- Survivor dagurinn
- Jól í skókassa
- Gróðursetningardagur
- Útinám

Fundargerðir má finna í viðauka 1.

Umhverfisnefndir Heiðarskóla 2023-2024 og 2024-2025



Mat á stöðu umhverfismála

Á fyrsta fundi umhverfisnefndar er ákveðið hvaða þema yrði tekið fyrir það skólaárið. Á síðasta skólaári var þemað **hnattrænt jafnrétti** og á þessu **náttúruvernd** og **lífbreytileiki**. Í framhaldinu eru matsblöð fyrir þemun fyllt út á hverju stigi fyrir sig. Þegar því er lokið eru niðurstöður ræddar á fundi með umhverfisnefndinni og aðgerðir til umbóta ræddar og settar í gang.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Í upphafi skólaárs þegar þemu hafa verið valin er gerð áætlun um aðgerðir og markmið byggð á matsblöðunum. Skólaárið 2023-2024 hófu nemendur nám við skólann sem tilheyrðu hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd og var því unnið sérstaklega í fræðslu sem sneri að ólíkri menningu og hvernig það er að koma nýr inn í hóp.

Í ár var sjónum beint að þemum sem langt er síðan voru skoðuð í skólanum og var það ósk frá nemanda í umhverfisnefnd að hafið yrði sérstaklega skoðað með þemunum sem valin voru.

Ólík verkefni eru unnin á hverju stigi og þau valin út frá áhuga og fyrirbyggjandi þekkingu hvers námshóps.

Eftirlit og endurmat

Eftirliti var sinnt á umhverfisnefndarfundum. Þá var farið yfir markmið sem sett voru á síðustu fundum og rætt hvernig tókst til og hvað mætti gera betur ef eitthvað.

Hnattrænt jafnrétti er mjög mikilvægur þáttur í lífi okkar í dag og mikilvægt að horfa til þess að allir fái tækifæri til góðs lífs hvar sem er á jörðinni og að ekkert sé gert á einum stað sem skerðir möguleika annarra. Okkur fannst einstaklega vænt um skemmtilegan dag sem við kölluðum „menningarmót“ þar sem síðum, tungumáli, trú og matarmenningu allra í skólanum var gert hátt undir höfði og var gestum boðið að koma og taka þátt í þeim degi. Mikill áhugi nemenda var einnig á þemanu sem sneri að náttúruvernd og lífbreytileika með áherslu á hafið og var þemavikan því tengd einstaklega vel heppnuð og fjölbreytt verkefni unnin á öllum stigum. Í lok vikunnar var gestum og gangandi boðið í heimsókn og kynna sér starf vikunnar.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Á hverju skólaári opnum við grænánavinnuna með þemaviku þar sem skólastarfið snýst í eina viku um að vinna að því þema sem umhverfisnefnd hefur valið fyrir skólaárið á öllum stigum, í öllum námsgreinum og öðru starfi eins og kostur er.

Hnattrænt jafnrétti 2023-2024

Þemað Hnattrænt jafnrétti var valið af umhverfisnefnd fyrir skólaárið 2023-2024. Í upphafi skólaárs komu nýir nemendur í skólann sem tilheyrðu hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd og fannst nefndinni mikilvægt að unnið væri með þemað. Í þemavikunni var landaþema þar sem unnið var sérstaklega með þau lönd sem nemendur í skólanum tengdust, þau eða foreldrar þeirra. Öðrum nemendum var skipt niður á hópa og var leitast eftir ýmsum upplýsingum um löndin s.s. stærð, fólksfjölda, matarhefðir, frægt fólk og fleira. Í lok vikunnar var foreldrum boðið að koma og var búið að útbúa hverja stofu með þema eins lands. Mikið var um góðgæti til að smakka og fróðleik sem tilheyrði hverju landi.

Ýmis önnur verkefni voru unnin. T.d. kom Jasmina Vajzović Crnac í heimsókn og sagði frá því hvernig var að vera flóttamaður og koma til Íslands sem barn.

Myndir frá þemaviku 2023-2024.




Náttúruvernd og lífbreytileiki 2024-2025

Í upphafi skólaárs 2024 valdi umhverfisnefndin að vinna með þemun náttúruvernd og lífbreytileika og óskaði eftir því að sérstaklega yrði horft til hafsins í vinnslu á verkefninu. Í þemavíkunni voru því unnin fjölbreytt og ólík verkefni um hafið allt frá því að kryfja kvótakerfið yfir í tegundagreiningar og ljóðagerð.

Á yngsta stigi var síðan unnið sérstaklega með sjófugla í litlu þema.

Myndir frá þemaviku 2024-2025.





Fastir viðburðir

Hefð hefur myndast fyrir ýmsum viðburðum tengdum Grænfánastarfinu í skólanum.

Haustferðir

Haustferðir eru farnar strax í skólabyrjun og dvelja nemendur þá úti allan daginn. Hefð er fyrir gönguferðum af ýmsu tagi og skógar- eða fjöruferðum. Hópefli er markmið þessara ferða og fara nemendur á unglingastigi t.a.m. í lengri hjóla- eða gönguferðir og gista eina nótt saman á meðan yngri nemendur fara í styttri ferðir.

Dagur íslenskrar náttúru

Dagur íslenskrar náttúru er uppbrotsdagur í Heiðarskóla og þá dveljum við úti í leik og námi allan skóladaginn. Skólaárin 2023-2025 var farið í Álfholtsskóg. Markmið með þessum skógarferðum er að njóta náttúrunnar, borða góðan mat og leitast við að láta áhuga nemenda ráða för. Við tökum útiöldunargræjurnar okkar með og fá nemendur að prufa að steikja brauð á priki sem vekur alltaf mikla lukku.

Dagur íslenskrar náttúru 2024.



Survivor

Survivor er dagur sem umhverfisnefnd Heiðarskóla kom upphaflega með hugmyndina að. Tilgangurinn er að vinna að útinámi og fjölbreyttum verkefnum í samvinnu nemendahópa. Umhverfisnefndin fær hlutverk í skipulagningu dagsins og er nemendum skólans skipt upp í hópa þvert á stigin. Þau fá ákveðin verkefni s.s. að hanna búning, gera slagorð eða söng fyrir hópinn og leysa verkefni eða þraut ársins sem umhverfisnefndin kemur með hugmynd að. Skólaárið 2023-2024 var verkefnið að hanna brú sem gat borið ákveðna þyngd og skólaárið

2024-2025 verður verkefnið að hanna leiktæki. Hópurinn fer síðan á stöðvar þar sem kennarar hafa útbúið verkefni og fá stig eftir því hvernig hópnum gengur að vinna saman að lausn verkefnisins. Útgangspunkturinn í stigagjöfnni er lykillæfni Aðalnámskrár.

Mynd frá Survivor 2024.



Flokkun

Flokkun úrgangs (almennt, plast, pappír og skilagjaldsskyldar umbúðir) er víða í skólanum, í öllum rýmum nemenda og starfsfólks er pappírsflokkun. Í upphafi hvers skólaárs hafa fulltrúar umhverfisnefndar það hlutverk að upplýsa samnemendur um flokkun og ábyrgð nemenda í þeim málum. Vel hefur gengið að sinna flokkun í skólanum, enda margar tunnur, vel merktar og víða um skólann. Gler, málmar og textíl er safnað í poka og farið með eftir þörfum á flokkunarstöð í nágrenninu.

Dagur umhverfisins

Í kringum dag umhverfisins er hefð fyrir því að nemendur og starfsfólk leggi sitt af mörkum til að fegra umhverfið. Annað hvert ár erum við í nágrenni skólans og höldum ráðstefnu um umhverfismál og annað hvert ár er farið í ferð þar sem þörf er á hreinsun. Skólaárið 2023-2024 höldum við stutta ráðstefnu í skólanum um umhverfismál. Andri Snær Magnason kom í heimsókn og hélt fyrirlestur um hnattrænt jafnrétti og svo var umhverfisnefndin með gjörning þar sem óskilamunir voru verðmetnir og nemendum bent á hversu mikil sóun verður vegna fata sem enginn kannast við að eiga. Nokkrar flíkur fundu eigendur sína og því um vel heppnaðan gjörning að ræða. Skólaárið 2024-2025 var farið í fjöruna við Krossland í Hvalfjarðarsveit í hreinsun og leik sem er hugsað sem samfélagsverkefni skólans. Umhverfisnefndinni var falið að óska eftir því að skólinn fengi afnot af félagsheimilinu Miðgarði og samdi og sendi erindi til sveitarstjórnar þess efnis.

Jól í skókassa

Þátttaka í jól í skókassa er að frumkvæði fulltrúa í umhverfisnefndinni. Við höfum ekki alltaf tekið þátt í verkefninu og t.a.m. var frekar haldið fjáröflunarbingó til að styrkja við nám barna í Úkraínu skólaárið 2021-2022. Á þessu skólaári óskuðu nemendur eftir því að taka aftur þátt í jól í skókassa verkefninu og gaf skólinn alls 10 kassa sem er með því mesta sem skólinn hefur gefið.

Varðeldur

Á hverju skólaári er varðeldur úti um miðjan vetur þar sem nemendur koma saman í upphafi dags og syngja eða hlusta á upplestur við varðeld í myrkrinu. Síðan er boðið upp á heitt súkkulaði og kex.



Matarvigtun

Tvisvar sinnum á hverju skólaári er svokölluð matarvigtunarvika þar sem allt sem ekki borðast af diskum er vigtað. Undanfarin skólaár hefur vigtunin farið fram með þeim hætti að vikuna áður en formleg matarvigtun hefst eru matarleifar vigtaðar án okkar vitundar og síðan reyna allir að gera betur vikuna á eftir.

Áður en farið er af stað er rætt um mikilvægi þess að fara vel með mat og rætt um leiðir til að vinna að því að leifa sem minnstu af mat. Skemmst er frá því að segja að matarvigtunarkíkan gengur alltaf betur en leynivíkan og eru nemendur verðlaunaðir með góðum eftirrétti.

Niðurstöður matarvigtunar skólaárið 2024-2025.

	Haut 2024	Vor 2025
Fyrri víka	12.405 g	14.120 g
Seinni víka	9.600 g	9.685 g

Eftir matarvigtunarkíku ársins kom upp umræða um að matarsóun væri að aukast almennt í skólanum og fengum við nemendur og kennara til að hugleiða hvað hægt væri að gera til að sporna við þeirri þróun. Margar hugmyndir komu upp frá nemendum og m.a.

- Hafa betri mat
- Keppni milli bekkja hefur haft áhrif - minnkar sóun
- Fá sér minni skammta og fara frekar aftur

- Láta þá sem skammta vita hvort maður vill mikið eða lítið
- Fiskur fer meir í ruslið en annar matur – allir fá fisk á diskinn sinn
- Skammta sér sjálf
- Fræða betur
- Gervigreindin spurð - margar áhugaverðar hugmyndir komu þar fram

Ákveðið var að taka sérstaklega til skoðunar þætti um að nemendur fengju meira að segja um skammtastærðir sem og að á fiskidögum má einnig fá sér súpu núna.

Gróðursetningardagur

Á vordögum er einn dagur þar sem allir nemendur taka þátt í gróðursetningarverkefnum af ýmsu tagi umhverfis skólann. Settar eru niður kartöflur og þær teknar upp að hausti. Sprotar eru settir í uppeldi og svo eru þau tré sem tilbúin eru færð í skógræktarreit við skólann.

Allir nemendur fá tré að gjöf við skólaslit á hverju ári og eru hvött til að gróðursetja þar sem þau geta fylgst með trjánum sínum vaxa og dafna.

Á síðasta skólaári var kartöflugarðurinn færður á betri stað og var uppskera ársins með mesta móti.



Á yngsta stigi voru sett niður fræ af sólblómum og salati og fylgdust nemendur með þeim spíra og verða að plöntum.

Önnur verkefni

Í sátt og samlyndi

Á yngsta stigi var unnið með verkefnið Í sátt og samlyndi á vorönn 2024 í tengslum við verkefnið Hnatatrænt jafnrétti. Verkefnið var unnið út frá bókinni Fordómar og þröngsýni og var sjónum beint að hugtakinu fordómar, hvað getur valdið fordómum og hvernig við getum unnið gegn þeim. Unnið var með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í verkefninu og

fengu einnig það verkefni að skoða hvað hóparnir þeirra ættu sameiginlegt og hvað greindi þá að.

Sjófuglar

Unnið var sérstaklega með sjófugla á yngsta stigi vorið 2025 í tengslum við verkefnið náttúruvernd og lífbreytileiki. Nemendur völdu sinn eigin fugl og fengu val um ýmsar leiðir til að vinna verkefnið og skila því eins og t.d. að gera upplýsingabók eða vinna áfram í Book Creator appi.

Heiðarsóley- umhverfisblað Heiðarskóla

Um árabíl gaf Heiðarskóli út blaðið Heiðarsóley þar sem fjallað var um umhverfismál út frá ýmsum sjónarhornum. Blaðið var útprentað og sent á heimili í sveitinni en mikil pappírnotkun var við útgáfuna og datt hún upp fyrir. Fyrir tveimur árum var blaðið endurvakið og gefið út á rafrænu formi og hefur verið ákveðið að gefa blaðið aftur út rafrænt í ár.

Úttekt á skólalóð

Í lok skólaárs 2024 fór umhverfisnefndin í vettvangsferð um skólalóðina og gerði athugasemdir við ýmislegt sem þurfti að laga á lóðinni. Sumt sneri að almennu viðhaldi s.s. fúnar spýtur og dót sem þurfti að festa niður og annað að lagfæringum vegna þátta þar sem náttúran er að breyta landinu s.s. þar sem lækurinn hefur rutt sig og tekið jarðveg með sér í leiðinni. Í gegnum lóðina okkar liggur árfarvegur sem er uppspretta ýmissa leikja og náttúruskoðunar en lækurinn tekur með sér allt það sem í hann dettur og flytur áleiðis út í sjó. Nefndin hefur verið að óska eftir því að fundin verði lausn á því s.s. að setja einhverskonar grind til að grípa dót við enda skólalóðarinnar þar sem afföll af fötum og boltum er of mikið á hverju skólaári vegna þessa. Skýrslan var send á umsjónamann fasteigna sem sá um að koma verkefnum í farveg. Einhverju var hægt að bregðast strax við.

Skýrslu nefndarinnar má sjá í viðauka 2.

Á miðstigi var tekin verkleg kennsla í útungun á hænuungum. Nemendur öðlast skilning á lífsferli fugla frá eggjum til hænu; skilyrði (hitastig og raki) sem þarf til að líf geti þróast í eggjum; líffræðilega þróun í eggjum dag frá degi; daglega umönnun (s.s. hitastýringu, hreinsun, fóðrun og athugun); læra um hænur sem hluti af vistkerfi og sjálfbærum lífstíl. Það er spennandi að

fylgjast með lífi kvikna en það getur einnig verið sorglegt ef eitthvað mistekst í ferlinu en mikilvægt að draga lærdóm af því.

Rafmagn

Miðstigið vann verkefni út frá þáttunum Rafmagnslaus tilvera á RÚV. Þátturinn notaður sem kveikja. Umræður um orkunotkun, orkusparnað, lífsgæði, fæðuöryggi, sjálfbærni, hvaðan rafmagnið kemur, hvernig er hægt að nýta hana sem best og á sem sjálfbærastan hátt, vatnsorku, jarðhita, olíu, sólarorku o.fl. Umræður um endurnýjanlega og óendurnýjanlega orkugjafa. Unnu ritunarverkefni þar sem þau áttu að sjá fyrir sér líf án rafmagns á jörðinni; hvort sem það væri í nútíð, þátíð eða framtíð. Markmið verkefnis var að fá nemendur til að átta sig á hversu margt í daglegu lífi byggir á rafmagni; ljós, hiti, eldamennska, samskipti við umheiminn, jarðrækt o.fl. Að fá þau til að velta fyrir sér hvernig orkukerfi virka og hversu viðkvæmt það getur verið.

Árshátíð



Árshátíðarleikrit miðstigs var mjög sjálfbært, en nemendur unnu sjálfir alla sviðsmynd og búninga fyrir leikritið. Þeir endurnýttu og endurunnu allt efni eins mikið og mögulegt var og lítið sem ekkert var keypt nýtt inn. Þau saumuðu til dæmis búningana úr endurunnu efni sem fékkst gefins frá stofnun á Akranesi og unnu

leikmyndina að nær öllu leyti úr endurnýttum pappa.

Hreyfing og vistvænir ferðamátar

Unglingastig fer árlega í öfluga gönguferð, 13-17 km. Nemendur eru hvattir til að taka þátt í þessari löngu göngu og gista svo saman í skátaskálanum í Skorradal. 9. bekkur fer einnig í skólabúðir í 5 daga í Vindáshlíð þar sem mikið er lagt upp úr útiveru og tengslum við náttúru og umhverfi.



Tímalína


Nemendur á unglingastigi hafa jafnframt unnið verkefni sem varðar tímalínu jarðar frá upphafi. Þar skoðuðu nemendur lífríki, plöntur og dýr, sem voru ráðandi á hverju tímabili og hvaða atburðir og breytingar hafa valdið útdauða og breytingum á lífríki jarðar.

Hnattrænt jafnrétti

Nemendur á unglingastigi unnu verkefni um hnattrænt jafnrétti. Nemendur tóku fyrir mismunandi þætti og kynntu fyrir samnemendum. Meðal viðfangsefna voru loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á þróunarlönd, grænar lausnir – hverjir geta lifað vistvænt og hverjir ekki, ungt fólk og loftslagsréttlæti, og umhverfismál og kynjajafnrétti.

Umhverfissáttmáli

Í umhverfismennt í Heiðarskóla er unnið eftir leiðarljósinu: Gerður það sem er rétt fyrir umhverfið en ekki það sem er auðveldast. Markmið með umhverfissáttmálanum eru fjögur. Undir þetta skrifa nemendur með fingrafari sínu. Leiðarljósið var samþykkt af umhverfisnefnd fyrir nokkrum árum og það kynnt fyrir nemendum í upphafi skólaárs.



- Við ætlum að hafa markvisst útinám
- Við ætlum að spara orku
- Draga úr neyslu
- Halda áfram að fræða nemendur og starfsmenn um umhverfismál

Sáttmálinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans þar sem foreldrar og aðrir áhugasamir geta kynnt sér hann. Hann hangir einnig uppi á vegg fyrir nemendur og starfsfólk.

Lokaorð

Hér ber að líta skýrslu umhverfismála í Heiðarskóla skólaárin 2023-2025. Unnið hefur verið ötullega að umhverfismennt og umhverfismálum í skólanum á fjölbreyttan máta. Mörg verkefni sem umhverfisnefndir skólans hafa komið með tillögur að hafa fyrir löngu fests í sessi í skólanum og eru orðin ómetanlegur hluti af skólabragnum. Metnaður er þó fyrir því að vera með puttann á púlsinum hvað varðar umhverfismál og er umhverfisteymi starfsmanna eitt af fastateymum skólans þar sem ræddar eru áherslur í umhverfismálum og verkefni sem umhverfisnefnd vill leggja áherslu á undirbúin.

Það er okkar von að skýrslan nái að draga fram mikilvægi þessa þáttar í skólanum og gera þeim fjölbreyttu verkefnum sem unnin eru góð skil.

Fyrir hönd umhverfisnefndar og umhverfisteymis:

Þórdís, Sóley, Eyrún og Helena.

Viðauki 1 Fundargerðir umhverfisnefndar

1. Fundur umhverfisnefndar

7. september 2023 kl 12.50

Mættir: Arnar Marinó, Bergrós Viðja, Reynir Snær, Elísabet Heba, Sara Margrét, Ingibjörg Elva, Eiríkur, Veronika Jara, Jónas, Marteinn Bóas, Beníta, Sigríður Lára, Helena Bergström og Þórdís sem ritar fundargerð

Dagskrá:

- Verkefni umhverfisnefndar
- Þema skólaársins
- Dagur íslenskrar náttúru
- Kartöflur
- Flokkun
- Myndataka

1. Farið yfir verkefni nefndarinnar, nefndin fjallar um ýmis mál tengd umhverfismálum og skipulagi skólastarfs.
2. Þema síðasta skólaárs var lýðheilsa. Farið yfir þemu sem langt er síðan farið var í eins og t.d. áttahagar, orka, náttúruvernd og hnattrænt jafnrétti. Nefndin er upplýst um að skólinn taki í vetur á móti börnum á flóttu og því kannski gott tækifæri að taka fyrir hnattrænt jafnrétti. Nefndin velur Hnattrænt jafnrétti.
3. Dagur íslenskrar náttúru er 16. september og fer skólinn í skógarferð 15. sept í Álfhólsskóg af því tilefni. Umræður um hvað hægt er að gera, t.d. gera eitthvað fallegt úr spýtum, finna kanínur o.fl.. Nefndin kys að stigin séu saman hvert fyrir sig. Valið að hafa grillaða hamborgara í hádegismat.
4. Kartöfluupptaka - ákveðið að yngsta stig og þeir sem vilja á miðstigi fari í að taka upp kartöflur.
5. Fulltrúar í nefndinni sjá um að losa flokkunartunnur í stofum og þeir sem eldri eru sjá um list- og verkgreinarýmum, vinnuherbergi starfsmanna. Farið yfir aðra flokka sem eru endurunnir í skólanum. SL athugar að fá nýtt ílát fyrir batterí.
6. Myndataka.

Fundi slitið 13. 30

Þórdís

2.fundur umhverfisnefndar 11. október 2023

kl 12.50

Mættir: Beníta, Veronika, Eiríkur, Ingibjörg Elva Sara Margrét, Aron Sölvi, Reynir Snær, Bergrós, Arnar Marínó, Sóley Bergsteins, Sígga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Búið er að panta losun á batteríum og biðja um nýtt ílát, SL fylgir eftir.
- Hnatatrænt jafnrétti - þemavika. Allir sammála um að vel hefði gengið. Yngsta stig lærði um lönd, miðstig lærði um aðstæður fjölskyldna í ólíkum löndum og unglingastig fjallaði um ólíka þjóðfélagshópa, fræga flóttamenn og fátækt. Föstudagurinn í stöðvavinnu var mjög mjög skemmtilegur og rætt um að gera það oftár á skólaárinu.
- Allir í skólanum fengu fræðslu um fordóma og hvernig við komum í veg fyrir þá. SL segir frá nýjum nemendum sem koma í skólann frá Venesúela.
- Jól í skókassa - samþykkt að skólinn taki þátt. Umsjónakennarar senda upplýsingapóst heim og kalla eftir efnivið í kassana. Skiladagur fyrir 3. nóv.
- Matarvigtunarvika í nóvember. Farið yfir tilgang matarvigtunarviku – viljum minnka matarsóun. Sagt frá frískápum sem komið hefur verið fyrir víða um land. Umræða um matseðil í þeirri viku. Óskað eftir að hafa bekkjarkeppni og að sigurbekkur fái að velja einu sinni mat og eftirrétt. SL kannar málið.
- Búið er að taka ákvörðun um að færa kartöflugarðinn hjá útisvæðinu okkar og hvíla hinn garðinn.

Fundi slitið 13.20

Þórdís

3. fundur umhverfinefndar 23. nóvember 2023

Mættir: Heba, Sara Margrét, Brynja, Díana, Veronika, Ingibjörg, Arnar, Bergrós, Reynir Snær, Helena og Sígga Lára

- Farið yfir síðustu fundargerð
- Matarvigtunarvika í gangi, umræður um markmið og tilgang.
- Nægjusamur nóvember, umræður um hvað nægisemi er og að vera ánægður með það sem maður hefur. Reyna að finna sér eitthvað að gera sem kostar ekkert en veitir manni gleði og ánægju.
- Hugsanlegt framtíðarútnámssvæði Heiðarskóla kynnt norðan við Heiðarborg ef farið verður í viðbyggingu.
- Fimm skókassar fóru frá skólanum til Úkraínu í jól í skókassa verkefninu.

- Umræður um hvernig við getum verið umhverfisvæn í aðdraganda jóla, hvað getum gefið öðrum eða gert fyrir aðra sem er umhverfisvænt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:20

4. fundur umhverfisnefndar

24. janúar 2024 kl. 12.50

Mættir: Arnar Marinó, Bergrós Viðja, Reynir Snær, Hugrún Björk, Valey Rún, Ingibjörg Elva, Valgarður, Beníta, Marteinn Bóas, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Boðið upp á djús og kex í upphafi og lok fundar.
- Farið yfir mikilvægi þess að hafa nefnd eins og umhverfisnefnd til að nemendur geti haft áhrif á það sem gert er í skólanum.
- Rifjað upp verkefni haustannar. Jól í skókassa gekk vel, matarvigtun gekk vel en þarf að minna á að það er ekki í lagi að gera athugasemdir við þá sem þurfa að leifa. Í nóvember leyfði skólinn um kíló minna en síðast eða 3.600 gr. Matarvigtun verður aftur í mars.
- Framundan er varðeldur. Mikilvægt að hafa gott logn SL skoðar veðurspá og kemur með tillögu að dagsetningu. Heitt súkkulaði verður í boði.
- Dagur umhverfisins er 26. apríl og þurfum við að fara að huga að skipulagi. Í fyrra var farið í Hafnarskóg í umhverfishreinsun og gönguferð. Lítið rusl fannst en það var mjög kalt. Í ár er komið að umhverfisráðstefnu og hreinsun nærumhverfis. Í ár er þema skólans Hnattrænt jafnrétti og samþykkt að taka það fyrir á umhverfisráðstefnu. Hugmynd að nefndin geri eitthvað skemmtilegt og segi frá á ráðstefnunni.
- Þarf að fara að huga að því að endurnýja flokkunardalla í heimstofum og bæta við ílátum fyrir plast. Spurning um að fá einhvern utanaðkomandi til að fara yfir flokkunarmál með okkur í skólanum.
- Áhugi fyrir stöðvavinnu um Hnattrænt jafnrétti kannaður eins og var í haust, það er samþykkt og kennarar finna góðan tíma fyrir þetta.
- Umræða um hvort Survivor verði í vor – nemendur hvattir til að fara að huga að verkefnum fyrir daginn.

Fundi slitið 13.15

Þórdís Þórisdóttir

5. fundur umhverfisnefndar

8. apríl 2024 kl. 12.50

Mættir: Arnar Marinó, Bergrós Viðja, Reynir Snær, Aron Sölvi, Sara Margrét, Ingibjörg Elva, Valgarður, Marteinn Bóas, Veronika, Íris, Sigga Lára, Eyrún, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Vegna veðurs náðist ekki að vera með morgunvarðeld á meðan enn var myrkur.
- Það gleymdist að vera með matarvigtun í mars en tókum hana í apríl 15. - 19. apríl. Áhersla á að ekki má vera með pressu á bekkjarfélaga um að leyfa ekki ef einhver getur ekki borðað meira. Bekkir saman.
- Dagur umhverfisins verður í Heiðarskóla föstudaginn 26. apríl. Í ár er ráðstefna í Heiðarskóla.
 - Verið er að finna fyrirlesara frá Ungum umhverfissinum.
 - Nefndin kynnir eitthvað verkefni. Hugmynd að kynna skógræktina okkar fyrir aftan skólann. Önnur hugmynd að skoða óskilamuni í skólanum og gera verðkönnun á því hvað þau kosta – hversu mikið af verðmætum er hér í skólanum sem enginn vitjar. Ákveðið að vera með kynningu á verðmætum óskilamuna.
 - Eftir ráðstefnuna fara allir út að tína rusl í okkar nánasta umhverfi. Unglingar með ánni, miðstíg stærri radíus í kringum skólann og yngsta stig hreinsar skólalóðina.
 - Grillpinnar í hádegismat og borðað úti.
- Rætt um verkefni á Survivor, umhverfisteymi fer í að skoða hvað búið er að gera og koma með hugmyndir að verkefnum. Umræða um verkefnið þar sem búin voru til skýli og þá voru ekki stöðvar.
- Sagt frá þemavinnu í næstu viku sem er Fjölmenningsþema. Þemavinna verður frá kl 9.20-11.50. Kynna matarvenjur, tónlist, fána, tungumál, frægt fólk og fleira sem er einkennandi fyrir landið. Á föstudeginum verður kynning fyrir foreldra og þá væri gaman að hafa einhvern mat til að smakka.

Fundi slitið 13.20

Þórdís

1. Umhverfisnefndarfundur 3. september 2024

Kl 12:50

Mættir: Aron Dagur, Aurora Rós, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Styrmir Ari, Þórdís Ásta, Haukur, Óli Frímann, Jasmín, Eyrún Jóna, Sóley, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

Fundargerð:

- Farið yfir helstu verkefni nefndarinnar. Nefndin sér um að ákveða og hafa áhrif á skipulag ýmissa viðburða og verkefna í skólanum.
- Þema skólaársins ákveðið. Farið yfir þemu sem langt er síðan búið er að nota. Náttúruvernd og lífbreytileiki og tenging við hafið verður þema skólaársins.
- Umhverfisdagurinn 16. september verður að þessu sinni í Álfholtsskógi þar sem skólinn dvelur allan daginn í skóginum við leik og störf. Að þessu sinni eru stigin saman en fá að hittast saman við grillið.
- Nefndin samþykkir að taka þátt í jól í skókassa að þessu sinni.
- Yngsta stigið tók upp kartöflur í síðustu viku og var uppskeran alveg frábær.
- Myndataka.

Fundi slitið kl 13.30

Þórdís

2. fundur umhverfisnefndar 4. október 2024

Kl 12.50

Mættir: Aron Dagur, Aurora Rós, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Þórdís Ásta, Jasmín, Sóley, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Dagur íslenskrar náttúru. Vorum í Álfholtsskógi og dagurinn gekk vel. Gaman að baka og vera í fótbolta. Líka gaman í leikjum.
- Þemavika. Náttúruvernd og lífbreytileiki með áherslu á hafið. Öll stig hafa skipulagt fjölbreytt og áhugaverð verkefni og mega nemendur fara á milli stiga eftir útiveru á föstudaginn og skoða hvað aðrir hafa verið að gera.
- Jól í skókassa - Akranes Tekið er á móti skókössum í **safnaðarheimili Akraneskirkju. 28. október – 1. nóvember** á milli klukkan 10:00 – 15:00.

Fundi slitið 13.15

Þórdís

3. fundur 25. október 2024 kl 12.50

Mættir: Aron Dagur, Aurora Rós, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Þórdís Ásta, Haukur, Ari, Jasmín, Eyrún, Óli Frímann, Helena, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundagerð.

- Farið yfir þemavikuna og hvað nemendur lærðu í vikunni. Þemað var hafið og tengsl við lífbreytileika og náttúruvernd. Nemendur sammála um að vikan hafi verið mjög skemmtileg.
- Jól í skókassa. Á yngsta stigi er komið nokkuð mikið af hlutum í kassa. Á mið- og unglingastigi þarf að ítreka við foreldra skilafrest fram á þriðjudag í næstu viku. Kassarnir þurfa að fara á fimmtudag. Unglingar og miðstig hjálpast að við að pakka inn kössunum á miðvikudaginn.
- Matarviktunarvika. Í vetur ætlum við að prufa að hafa eina viku þar sem við vigtum án þess að nemendur viti og önnur vika þar sem þau fá að vita af því að verið sé að vigta.
- Rætt um nægjusaman nóvember. Tilgangurinn að hugsa sérstaklega vel um hvað við kaupum og þurfum að nota. Getum hugað að því að gefa upplifanir eða föndur í jólagjafir.

Fundi slitið kl 13.10

Þórdís Þórisdóttir

4. fundur umhverfisnefndar 9. desember 2024 kl 8.30

Mættir: Aurora Rós, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Haukur, Ari, Jasmín, Eyrún, Óli Frímann, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundagerð

- Matarvigtn var með þeim hætti í ár að vigtað var í tvær vikur. Fyrri vikuna vissum við ekki að væri verið að vigta en í seinni vikunni vissu nemendur að það væri verið að vigta. Í fyrri viku var hent 12.405 g en í seinni viku 9.600 g. Að launum fengu nemendur kakósúpu í eftirrétt.
- Farið yfir hvort nemendur hugsuðu um nægjusemi í nóvember.
- Jól í skókassa gekk mjög vel en í ár söfnuðum við í 10 kassa.
- Samþykkt var að hafa varðeld í janúar. Setja á þegar veðurspáin er góð.
- Minnt á að fara vel með föndurdót í desember og hugsa um að endurnýta og nýta skynsamlega það sem við tökum í föndur.

- Næsti fundur í janúar.

Fundi slitið 8.50

5. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

13. febrúar 2025 kl. 12.50

Mættir: Aurora Rós, Aron Dagur, Védís Helga, Baltasar Aron, Magnús Orri, Ari, Jasmín, Eyrún, Sigga Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð

- Umræða um varðeldinn sem var í janúar. Gekk mjög vel og var skemmtilegt að mati barnanna. Allt ljós út var slökkt, tónlist og allir saman við varðeldinn.
- Farið yfir fréttir af jól í skókassa frá KFUM þar sem sagt var frá ferlinu og afhendingu jólakassanna.
- Næst á dagskrá er matarvigtun í mars. Fyrst er vigtað án þess að við vitum og síðan reynum við að bæta okkur og minnka matarsóun.
- Styttist í dag umhverfisins. Í fyrra héldum við ráðstefnu þar sem Andri Snær Magnason kom og hélt erindi, ræddi um heimsmarkmiðin og umhverfisvernd. Í ár er þá komið að umhverfishreinsun. Lagt til að fara í fjöruhreinsun á Innnesinu. Byrja við Krossland og enda í fjörunni við Miðgarð. Endað í Miðgarði í hádegisgrilli.
- Nefndarmeðlimir segja frá því að mikið af rusli sé nú á skólalóðinni og í kringum skólasvæðið. Lagt til að velja góðviðrisdag og allir fara út og hreinsa.
- Yngsta stig fer í þema um sjófugla eftir vetrarfrí,
- Sagt frá því að Heiðarskóli mun sækja um 9. grænánann í vor.

Fundi slitið 13.15.

Þórdís Þórisdóttir

6. fundur umhverfisnefndar Heiðarskóla

20. mars 2025 kl. 12.50

Mættir: Aurora Rós, Aron Dagur, Védís Helga, Reynir Snær, Magnús Orri, Ari, Valgarður, Jasmín, Eyrún, Sigga Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundagerð.

- Dagur umhverfisins - fjöruhreinsun á Innnesinu 25. apríl, farið í fjöru frá Krosslandi og út að Miðgarði. Búið að óska eftir leyfi til að fara í fjöruna og fá sveitarfélagið til að fjarlægja það rusl sem safnast. Bréf sent á sveitarfélagið til að fá afnot af Miðgarði endurgjaldslaust þennan dag.
- Survivor - ræddum hugmyndir að verkefnum þennan dag. Liðin verða aldursblönduð, hvert lið fær lit.
 - Leikrit
 - Tjald / skýli
 - Eitthvað sem flýtur
 - Eitthvað sem rúllar
 - Eitthvað sem flýgur
 - Brú
 - Vatn sem ferðast milli staða
 - **Búa til leiktæki** - ákveðið að leiktæki verði fyrir valinu
- Hreinsunardagur í kringum skólann - verður í næstu viku þegar veður leyfir.
- Matarsóunarverkefni - þó svo matarvigtn hafi gengið vel þá fellur mikið af matarleifum í skólanum. Farið yfir matarvigtn síðustu ára og þá má sjá að matarsóun er að aukast.
 - Hafa betri mat
 - Keppni milli bekkja hefur haft áhrif - minnkar sóun
 - Fá sér minni skammta og fara frekar aftur
 - Láta þá sem skammta vita hvort maður vill mikið eða lítið
 - Fiskur fer meir í ruslið en annar matur – allir fá fisk á diskinn sinn
 - Skammta sér sjálf
 - Fræða betur
 - Gervigreindin spurð - margar áhugaverðar hugmyndir komu þar fram
- Framundan er gróðursetningardagur og aukin útivera.

- Heiðarsóley - blað Heiðarskóla um umhverfismál. Blaðið var gefið út um árabil í pappírsformi og sent á öll heimili í Hvalfjarðarsveit. Fyrir tveimur árum var blaðið endurvakið og gefið út á rafrænu formi. Nefndin ákveður að gefa blaðið út í ár. Hvert stig hugar að efni í blaðið.

Fundi slitið 13.30 - Þórdís Þórisdóttir

Viðauki 2 Úttekt á skólalóð Heiðarskóla 2. maí 2024

Á 6. fundi umhverfisnefndar Heiðarskóla þann 2. maí 2024 fór nefndin í gönguferð um skólalóðina til að athuga hvort eitthvað væri þar sem þyrfti að laga eða bæta með það í huga að allir vilja hafa umhverfi sitt hreinlegt og fallegt og að öryggi sé tryggt. Einhver tími er liðinn síðan nefndin gerði úttekt síðast og er margt farið að láta á sjá á lóðinni sem þyrfti að laga.

Gróðurkassar við dótaskúr: Morknir og mikið illgresi í þeim. Þarf að laga og setja eitthvað sem má borða af í þá.



Gúmmímottur víða lausar á endum sem skapar fallhættu, mikill gróður og mold kominn í margar mottur og því virka þær ekki sem gott undirlag til að draga úr fallhættu.



Gúmmíhöldur á rólum rifnar og gagnast því ekki sem vörn lengur.



Við brúna yfir ræsið hefur jarðvegur farið af stað og komnar djúpar holur sem enn rennur efni úr.



Hugmynd kom fram um að smíða grind fyrir stóra ræsið til að grípa bolta og dót sem fer í lækinn. Hanna grindina þannig að það sé hægt að fjarlægja hana í leysingum.




Áhyggjur eru af staur / stólpa hjá skýli sem hefur brotnað mikið úr og virðist ekki lengur traustur.



Laga þarf gólfið á gulu brúnni en jarðvegur er farinn af stað og lyftir gólfinu upp. Einnig komnar holur þar sem brú og stígur mætast.



Pallur á lóðinni er farinn að detta í sundur og spýtur að brotna úr honum. Skrúfur standa lausar upp úr pallinum.



Stór drumbur sem var yfir ána hefur losnað og liggur í ánni.



Rætur trjáa standa upp úr jarðvegi og jarðvegur á sumum stöðum orðinn að moldardrullu. Þarf að finna leið til að hjálpa grasinu að jafna sig.



Rafmagnskapall liggur ofanjarðar.



Við miðjubrúna er jarðvegur siginn þannig að þrep hefur myndast við brúna, málning orðin mjög máð.



Gróðurreiti þarf að hreinsa og laga, víða vantar plöntur í beðin. Á einum stað á horni hefur enginn gróður náð að festa sig og spurning hvort breyta þurfi beðinu svo ekki safnist illgresi upp í beðinu.

Einhverjir bekkir eru mjög lausir og þyrfti að skrúfa betur saman



Að auki skapaðist umræða um dren af sparkvellingum en mikil vatnssöfnun varð á vellingum í leysingum í fyrra sem skapar hættu fyrir yngri börn.

Tröppur upp að fótboltavelli farnar að síga og stendur járnör stendur upp úr.

Handriði fyrir framan skólann orðið losaralegt.

Hvítar línur á bílastæði orðnar mjög daufar.